

*Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu Pírata*

*Stjórn Hollnemafélags Listaháskóla Íslands*

*14. mars 2017*

*Mál nr. 143*

*Húsnæði Listaháskóla Íslands*

*Stjórn Hollnemafélags Listaháskóla Íslands styður eindregið þingsályktunartillögu Pírata um framtíðarstaðsetningu og undirbúning á byggingu Listaháskólans. Eins og staðan er nú þá býr skólinn við óviðunandi húsnæði á mörgum stöðum í borginni, þær byggingar hafa ekki verið byggðar sem skólahúsnæði og því afar óhentugar þeirri starfsemi sem þar er. Það er jafnframt fjárhagslegur baggi fyrir skólann að halda úti starfsemi á mörgum stöðum. Hollnemar Listaháskólans hafa sótt sitt nám í tímabundið húsnæði frá því að skólinn var stofnaður 1999 og vilja ásættanlega aðstöðu til að byggja undir það faglega og góða listnám sem í boði er.*

*Við viljum hvetja til þess að ákvarðanir varðandi framtíðarstaðsetningu og undirbúning á byggingu skólans verði teknar sem allra fyrst og teljum afar mikilvægt að aðgerðaráætlun og tímamörk fylgi með. Það verður til hagsbóta fyrir alla, þ.e.a.s. nemendur, starfsfólk, og stjórnvöld að sameina starfsemi skólans á einn stað því þá næst fram fjárhagslegur sparnaður, húsnæðið yrði sniðið að þörfum námsins og þverfaglegt samstarf milli listgreina yrði auðveldara.*

*Listir og menning eru ein af grunnstöðum samfélagsins og þar sem Listaháskólinn er eini háskólinn í landinu á fræðasviði lista gegnir hann afar mikilvægu hlutverki. Það er því brýn þörf fyrir samfélagið í heild að þessi grunnstoð sé efl.*

*Hrafnkell Pálmarsson, tónlistardeild*

*Hrólfur Karl Cela, hönnunar- og arkitektirdeild*

*Sigurður Atli Sigurðsson, myndlistardeild*

*Hafdís Pálsdóttir, listkennsludeild*

*Vigdís Másdóttir, sviðslistadeild*

*Klara Sól Ágústsdóttir, fulltrúi nemenda*

*Björg J. Birgisdóttir, námsstjóri*

f.h. stjórnar

Vigdís Másdóttir